

## Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. fyrir 2012 haldinn á Húsavík í sal Stéttarfélaganna, þriðjudaginn 7. maí 2013 kl. 14:00.

Mættir voru fulltrúar frá 8 hluthöfum af 19, með 73,9% hluta á bak við sig:

Norðurþing, Þingeyjarsveit, Framsýn – stéttarfélag, Arctic Edge Consulting ehf., Verkalýðsfélag Þórshafnar, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur, Mannvit. Auk þeirra starfsfólk AP og gestir. Fulltrúar eftirtalinnna voru fjarverandi: Fræ ehf./Langanesbyggð, Skútustaðahreppur, Sparisjóður Suður Þingeyinga, Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis, Tjörneshreppur, Garðræktarfélag Reykhverfinga, Hótel Reynihlíð, Kísiliðjan hf, Svalbarðshreppur, Björn St. Haraldsson, Jónas Reynir Helgason.

Stjórnarformaður félagsins, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Berg Elías Ágústsson og fundarritara, Jónu Matthíasdóttur. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þau því sjálfkjörin til starfa.

### 1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Sigurgeir Höskuldsson fór yfir skýrslu stjórnar um liðið starfsár sem lögð var fram á fundinum. Í ræðu sinni kom hann m.a. inná þátttöku félagsins í vinnslu fyrstu sóknaráætlunar landshlutans – Norðurlands eystra – sem ætlað er að auka áhrif og ábyrgð heimamanna í hverjum landshluta á ráðstöfun opinbers fjár. Til að byrja með er um að ræða ólögbundin verkefni sem rekin hafa verið í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og falla undir verksvið atvinnuþróunarfélaganna, vaxtarsamninga, menningarsamninga, markaðsskrifstofa landshluta og að einhverju leiti símenntunar og fullorðinsfræðslu. Að sönnu er ekki um mikla fjármuni eða stór verkefni að ræða í upphafi en ef vel tekst til geta landshlutarnir nýtt sér þessa nýju hugsun til að auka sjálfræði sitt. Það mun þó byggja á því að íbúarnir nái að skilgreina sameiginlega hagsmuni sína og finna þeim stofnanalega farvegi sem tekið geti við af þeirri miðstýringu sem við búum við í dag. Án slíks þrýstings er ólíklegt að miðstýringarvaldið sjái ástæðu til að minnka vald sitt og fela það í auknum mæli í hendur svæðisbundinna stjórnvalda.

Þessu næst fór formaður vítt og breitt yfir helstu verkefni félagsins, greiningu innviða á Norðausturlandi sem unnin var á árunum 2011 og 2012 en hún er aðgengileg á íslensku og ensku á vef félagsins. Hann fjallaði um nýsköpun og atvinnuráðgjöf og fór yfir málefni vaxtarsamningsins, VAXNA. Endurnýjaður vaxtarsamningur fyrir svæðið tók gildi á árinu eftir tímafrekt samninga- og uppgjörsferli vegna fyrri samnings sem gildi 2008-2010. Í megin atriðum má segja að hinn endurnýjaði samningur, sem gildir 2012-2013, sé efnislega samhljóða hinum eldri að því þó undanskyldu annars vegar að þróunarfélögin fá ekkert greitt af hendi ríkisvaldsins fyrir að reka samningana og hins vegar er þeim ráðherraskipuð verkefnisstjórn sem tekur endanlegar ákvarðanir um þátttöku í verkefnum. Það er því stjórn Atvinnuþróunarfélagsins sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri samningsins en sérstök verkefnisstjórn sem veitir styrki

Líkt og undanfarin ár tókst með aðhaldi að halda rekstri félagsins í jafnvægi á árinu þrátt fyrir áframhaldandi samdrátt í tekjum. Nú svo komið að starfsemin verður ekki skorin frekar niður eigi félagið að sinna skilgreindum hlutverkum sínum.

Framlög ríkisins stóðu nánast í stað á milli ára en framlög sveitarfélaganna hækkuðu sem nam verðlagsbreytingu á grunnframlagi ásamt því að þau greiddu félaginu sérstakt framlag vegna umsjónar og rekstrar vefsvæða til kynningar á héraðinu gagnvart ferðamönnum. Framlög annarra aðila og verkefnatekjur drógust hins vegar verulega saman á milli ára.

*„Rekstrargjöld dragast saman í takt við minnkandi umsvif og felast nær eingöngu í kostnaði við starfsmannahald, rekstur húsnæðis og nauðsynlega starfsaðstöðu ásamt lágmark ferðakostnaði“* sagði formaður en lokaorð hans voru þessi;

*„Þrátt fyrir samdrátt í tekjum er ánægjulegt að sjá þann stöðugleika sem kominn er í reksturinn. Fyrirhuguð orkuframléiðsla á svæðinu og uppbygging iðnaðar mun augljóslega hafa veruleg áhrif á*

*starfsemi félagsins í framtíðinni. Í síbreytilegu umhverfi leynast víða tækifæri til uppbyggingar og sóknar fram á veginn, Þingeyjarsýslu til heilla. “*

## 2. Reikningar félagsins fyrir árið 2012

Ársreikningur AP 2012 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður af stjórn félagsins og löggiltum endurskoðanda þess Ljósbrá Baldursdóttir, fyrir hönd PricewaterhouseCoopers hf. án athugasemda.

Framkvæmdastjóri, Reinhard Reynisson fór yfir reikningana og gerði grein fyrir einstökum liðum og helstu niðurstöðum.

Helstu niðurstöður ársreiknings:

Rekstrartekjur.....	33.776.074
Rekstrargjöld .....	(34.100.144)
Fjármagnsliðir .....	1.046.432
Hagnaður ársins .....	722.362
Fastafjármunir .....	5.161.341
Veltufjármunir .....	19.776.656
Eigið fé.....	1.600.111
Skuldir og skuldbindingar.....	23.337.886
Niðurstaða efnahagsreiknings .....	24.937.997

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir skýringar og kom þar m.a. fram að keypt var hlutafé í Mýsköpun fyrir 1. millj króna en það er færsla á eignum Kísilgúrssjóðs. Hann benti á framlag sveitarfélaganna, skýring nr. 2, en það skiptist í beint framlag, vegna VAXNA og framlag í kynningarmál svæðisins (vefmál) Þá tilgreindi hann að búið er að gera upp kröfu varðandi útgáfu á á jólasveinabókum en Héraðsnefnd Þingeyinga tók að sér að gera upp og greiða skuldina við Sparisjóð S. Þing en hún var greidd upp árið 2012. Í skýringum er einnig getið ósamþykktar kröfu annarra á félagið vegna málsins.

Að yfirferð lokinni var orðið gefið laust um reikninga og skýrslu stjórnar.

*Engar spurningar komu fram og var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.*

*Fundarstjóri leggur til að liður 4 falli niður þar sem í ársreikningi er vísað til ráðstöfunar á hagnaði ársins og staðfest með undirskrift stjórnar.*

## 3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.

Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur að stjórn frá fulltrúum hluthafa:

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Árni Baldursson  
Björn Víkingur Björnsson  
Margrét Bjarnadóttir  
Sigfús Haraldur Bóasson  
Sigurgeir Höskuldsson

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanrituð því sjálfkjörin í stjórn.*

Varastjórn:

Gunnólfur Lárusson  
Hjálmar Bogi Hafliðason

Fyrirspurn úr sal: F.h. hvaða hluthafa eru stjórnarmenn tilgreindir?

Svar: Aðalsteinn Árni fh. stéttarfélaganna, Björn Víkingur og Sigurgeir fh. Norðurþings, Margrét fh. sveitarfélaga sunnan Norðurþings, Sigfús Haraldur fh. Samtaka atvinnurekanda á NAlandi og í varastjórn er Gunnólfur fh. sveitarfélaga á austursvæði og Hjálmar Bogi fh. Norðurþings.

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í varastjórn.*

Fram kom tillaga um að Stjórn félagsins sé falið að leita eftir verðtilboðum í nauðsynlega endurskoðun fyrir félagið og semja við lægsbjóðanda.

*Fleiri tillögur komu ekki fram og tillagan samþykkt samhljóða,*

#### **4. (Ráðstöfun hagnaðar/taps.) fellur niður, sjá ofangreint.**

Vísað er til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar ársins sem kemur til hækkunar á eigin fé félagsins.

#### **5. Greiðslur til stjórnarmanna**

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun til stjórnarmanna sem framkvæmdastóri gerði grein fyrir.

Laun stjórnarmanna verði óbreytt kr. 10.519 fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag á þá þóknun.

Þóknun til endurskoðanda verður samkvæmt reikningi.

Fyrirspurn frá Hjálmarí Boga; Tekur þóknun verðlagsbreytingum og hann hefði setið einn fund sem tók klst, fannst greiðslan há.

Reinhard; Farið eftir taxa fyrir nefndarsetu sérnefnda hjá Norðurþingi og er sá taxti nú óbreyttur milli ára, þessi taxti er einnig notaður hjá Héraðsnefnd. Taldi að fundarlaun væru ekki ofmetin og til að mynda væri ekki greitt fyrir ferðatíma fundarmanna né heldur undirbúningstíma.

*Fyrirliggjandi tillaga var borin upp og hún samþykkt samhljóða.*

#### **6. Umræður og önnur mál, orðið gefið laust**

- Hjálmar Bogi Hafliðason velti fyrir sér, hvað gert til að draga hingað aðila, sem vinna svo sín verkefni hér?
- Soffía Helgadóttir bæjarfulltrúi í Norðurþingi vildi fjalla um fundinn í tengslum við gerð Sóknaráætlun landshlutans, sem haldinn var í Skúlagarði í janúar sl. Hún lýsti ánægju sinni yfir þeim fundi sem unninn var á héraðsgrunni, taldi hann hafa hjálpað sér í áframhaldandi störfum og áhugavert að sjá hvað aðrir hafa fram að færa Hún lýsti yfir ósk sinni um að sveitarfélögin gæti átt svona árlegan dag, þar sem þátttakendur væru blanda af aðilum frá sveitarfélögunum, stoðkerfi og atvinnulífinu.
- Bergur Elías vildi misnota aðstöðu sína og segja nokkur orð. Hann hrósaði AP fyrir vinnu að innviðagreiningunni sem unnin var fyrir svokallaðan VerkNaust hóp. Innviðagreiningin er nýtt vel til markaðssetningar og einstaklega vel unnin. Í öðru lagi eru orðnar miklar líkur á því að hér fari miklir hlutir að gerast, taldi upp uppbyggingu innviða og minnst á að störf á uppbyggingartíma eru ansi karllæg. Það þarf að búa til lífsgæði fyrir alla, ekki bara kalla og því þarf að beina fókusið að konum; ungum, skapandi og menntuðum konum. Hans persónulega skoðun er sú að nýta krafta AP í þágu athafnakvenna og virkja þann kraft sem þar er að finna. Slíkt hafi áhrif á þau lífsgæði sem eru í boði. Við ramman reip að draga að fá vinnu fyrir konur á landsvæðum líkt og hér. Hann velti upp hvort hér þyrfti að stofna sjóð, af sveitarfélögum og fyrirtækjum sem væri sérstaklega merktur konum, til að hvetja konur áfram sem leiði til betri lífsgæða á þessu svæði. Sveitarfélögin þurfa að huga að annarri

þjónustu eðli málsins samkvæmt. Sameiginlegt markmið allra sé að skapa nauðsynlegan stöðugleika og umhverfi fyrir fjölskyldur sem vilja hér búa og hafa það gott.

- Aðalsteinn Árni tók undir orð Bergs
- Margrét var sammála Bergi og minnir á sjóð hjá Byggðastofnun, atvinnumál kvenna og að hvetja megi konur til þess að nýta sér þau úrræði.
- Margrét bendir á og hvetur til að jafna megi hlut kvenna í stjórn AÐ.

Svör við fyrirspurnum;

- Reinhard: Innviðagreiningin var hugsuð til að gera svæðið aðgengilegra fyrir þá sem ekki þekkja til. Við erum ekki beinlínis að draga hingað aðila, meira að styðja við og hjálpa þeim eru á svæðinu og hafa hugmyndir til að gera nýja hluti. Innviðagreiningin hugsuð til stærri aðila. Hægt að skoða aðra þætti og draga út hvort hér séu kostir fyrir frumkvöðla til að koma og vinna verkefni, þannig skilgreind verkefni hafa ekki verið í gangi.
- Bergur tók undir hugmynd Soffu og vil beina því til stjórnar að fylgja henni eftir.

Sigurgeir Höskuldsson stjórnarformaður steig í pontu, þakkaði stjórnarmönnum fyrir þeirra störf og sérstaklega Friðriki Sigurðssyni fyrir samstarfið en hann lætur nú af stjórnarsetu.

Ekki var fleira rætt á fundinum og sleit stjórnarformaður honum kl.14:50

Að loknu kaffihléi var haldið áfram með dagskrá í tengslum við aðalfund og bættist þá nokkuð í hóp fundarmanna.

## Hvatningarverðlaun AÐ 2013

Stjórnarformaður, Sigurgeir Höskuldsson gerði grein fyrir árlegum hvatningarverðlaunum AÐ sem nú eru afhend í tólfra sinn og upplýsti um ákvörðun stjórnar að þessu sinn. Markmiðið með verðlaunum er að hvetja fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir til nýsköpunar og árangurs í rekstri.

Hvatningarverðlaun AÐ 2013 eru veitt Fiskeldinu í Haukamýri á Húsavík fyrir þrautseigju og útsjónarsemi við uppbyggingu mikilvægrar framleiðslustarfsemi í héraðinu.

Fiskeldið Haukamýri var stofnað árið 1996 af Jóhanni Geirssyni en fiskeldi hefur verið þar starfandi frá 1991. Fyrirtækið er nú í eigu 5 aðila. Meirihluti framleiðslunnar eða 95% fer í útflutning, ferskt með flugi til Evrópu. Árleg framleiðsla er 200 tonn en 90% framleiðslunnar eru bleikjuflök, markmiðið er að fara í 400 tonn. Frá árinu 2011 er eingöngu bleikjueldi og með vaxandi eldi hefur verið bætt við útikörum. Árið 2011 var keypt flökunarvél en fram til þess var allt handflakað. Átta manns starfa hjá fyrirtækinu í dag.

Fannar Helgi Þorvaldsson framkvæmdastjóri tók við verðlauninum fyrir hönd félagsins og þakkaði fyrir þann heiður sem fyrirtækinu eru veitt um leið og hann sagði að fyrirtækið mun reyna að halda áfram að standa sig vel og byggja sig upp í rólegheitum.

## Málþing - Tækifæri svæðisins í eldsneytismálum

Málþing hófst kl. 15:15 með framsögu tveggja aðila frá Mannviti, Hauks Óskarssonar framkvæmdastjóra og Freys Ingólfssonar efnaverkfræðings.

### Innlend eldsneytisframleiðsla - tækifæri Þingeyinga

**Freyr Ingólfsson** efnaverkfræðingur hjá Mannviti hefur starfað þar í 5 ár og sl. 4 ár í verkefnum tengdum eldsneytisframleiðslu og lífheldsneytismálum. Mannvit hefur m.a. hannað lífdíselverksmiðju á Akureyri.

Hann ræddi um þau tækifæri sem leynast út frá þeim forsendum að kísilmálmvinnsla og kísilkarbíðvinnsla taki til starfa auk jarðvarmaauðlinda sem er að finna á svæðinu með lífmassa frá landbúnaði og matvælaíðnaði.

Tækifæri í Metan framleiðslu. Áætla má að PCC muni þurfa að nota 1040 tonn af jarðgasi og skoða má hvort hægt er að nota metan í staðinn en í magni samsvarar það 1.400.000 Nm<sup>3</sup> af metan á ári. Hann velti upp tölum, í magni, kostnaði og störfum, ef gras eða mykja væri nýtt sem orkuplanta/gjafi. Einnig varpaði hann fram hugmyndum varðandi framleiðslu á lífetanóli og metanóli og samþættingu með iðngarða og lífmassaver.

Þá varpaði hann fram þeirri spurningu hvort ætti að dusta rykið af hugmyndum um Pólýól verksmiðju sem hér voru í gangi fyrir nokkrum árum.

### Líflegar umræður voru úti í sal um hugmyndir Freys sem snéru m.a. hugsanlegan kostnað við vetnisframleiðslu, hugmyndir um Pólýól verksmiðju, hugmyndafræði metanframleiðslu og umhverfisstimpil, nýtingu og fl.

Varðandi gasið, grunnorkan er í raun að keppa við jarðgasið. Vetni er ekki framleitt með rafgreiningu í dag, aðallega með jarðgasi/metangasi en það er ódýrast í dag. Viðskiptahugmyndin felst í verði á gasinu. Ef markaðssaðstæður eru réttar hjá 2- 3 aðilum þá er tækifærið til viðskipta. Velta þarf fyrir sér hvar hagkvæmnin mun koma til að liggja og hár heildarfjármagnskostnaður gæti dregið úr framkvæmdum þar sem lífmassinn er á mörkum þess að vera hagkvæmur.

### Olíuleit á Drekasvæði sem annars staðar - hvað þarf til?

**Haukur Óskarsson**, framkvæmdastjóri hjá Mannviti.

Mannvit er að vinna verkefni um allan heim og 90% verkefna eru jarðvarmaverkefni.

Haukur ræddi um skilgreining alþjóðabankans á virðis kedju jarðolunnar þar sem olúhreinun er á neðri enda virðis kedjunnar. Nú liggja peningarnir í olíuleit og olúhreinun.

Það eru til mjög takmörkuð gögn um Drekasvæðið, það sem er til er hjá Orkustofnun og sambærilegri stofnun hjá norðmönnum. Hann fór yfir jarðfræðilega sögu og af hverju við eigum tilkall á Drekasvæðið. Haukur fór einnig yfir veðurfarslegar aðstæður á Drekasvæði miðað við önnur og veðurfarslega eru til önnur verri svæði. Kostnaður við rannsóknir er mikill en nauðsynlegur og mikilvægt að eyða tíma í þær.

Nú er verið að leita olíu á skrifborðum. Til þess að vera rétt staðsettur á markaðnum á að koma sér fyrir núna. Verkefnið gæti tekið mörg ár, möguleg eða ekki? Olía eða gas? Notkunarmöguleikar milli landamæra?



Haukur fjallaði um ýmis skilyrði fyrir þjónustustöð, stærð landssvæðis, (lágmark 6 ha) og helstu þjónustþætti líkt og;

- Traustir flutningar til og frá stöð
- Vöruhús og skrifstofur
- Sorpmeðhöndlun
- Olíubirgðastöð
- Borleðjustöð
- Efnabirgðastöð
- Borstrengsþjónustu

Hvatt er til að fara ekki í fjárfestingar fyrr en búið er að finna olíuna, það eru til hafnir og skemmur til þess að byrja. Taldi að rekstur þjónustuskipa ætti að liggja vel fyrir Íslendingum, því við höfum góða reynslu í útgerð og þjónustu og erum þekkt fyrir að klára verkin.

Undirverktakar í tækjabúnaði fyrir boranir og þróunarfyrirtæki fyrir vinnslu, boranir og rannsóknir er að leggja jafnmikið til þjóðarbússins og boranir. Þá er þjónusta hótela og afþreyingar í landi, nálægt þyrlustöðvum mjög mikilvæg. Þyrluþjónusta er mjög mikilvæg.

Mikil þjónusta er við olíuborþallana, þar starfa meira og minna undirverktakar. Í dag er 18 mánaða biðtími eftir borskipi til að koma á borsvæði og leigukostnaður er 50 – 60 millj á dag, borun getur tekið 3 – 6 mánuði ef vel gengur. En í dag er offramboð á þjónustuskipum í heimunum en ekki áætlað að það verði í framtíðinni. Borþallar fara í viðhaldsviðgerðir á fimm ára tímabili og t.d. eru 14 þallar að fara í viðgerð í Noregi í ár.

Haukur vill vekja fólk til umhugsunar. Sveitarfélög þurfa að ákveða hvað það langar í og vill fá eða ekki. Vinna þarf að stefnumótun hagsmunaaðila og pólitískt innan sveitarfélaganna. En hafa ber í huga að það getur verið erfitt að fara í viðræður þar sem á eftir þarf að semja mikið við landeigendur eða deiliskipulag ekki tilbúið.

Haukur ræddi lítillaga um innviðagreiningu sem þeir fóru í þar sem þeir taka fyrir nokkur bæjarfélög á landinu. Ekki var tekin afstaða til staðsetningar og fjarlægðar frá Drekasvæði, aðeins innviði samfélaga. Hægt er að kaupa þessa skýrslu hjá Mannviti.

Þá benti hann á að önnur svæði norður í íshafi gæti verið áhugaverð til skoðunar.

Haukur minnti líka á að í þessi verkefni þarf mikinn mannskap með iðn- og tæknimenntun og mesta ógn við okkur Íslendinga fyrir utan landfræðilegar aðstæður er skortur á tæknimenntuðu fólki, það er okkar stærsti þröskuldur.

Þá kom fram að alþjóðaflugvöllur þarf ekki að vera við þjónustusvæðið, þyrlustöðvar eru mikilvægar en auðvitað er nálægð við alþjóðaflugvöll mikill kostur. Velta má einnig fyrir sér hvaða vægi eða vigt á þáttum staðsetningar er mest metin og þær vangaveltur nauðsynlegar í umræðu verkefnisins.

Fundarstjóri sleit málþinginu kl. 16:40

**Fundarstjóri**  
Bergur Elías Ágústsson

**Fundarritari**  
Jóna Matthíasdóttir